



Stjórnarskrárfélagið

Athugasemd við þingskjal 1049 - frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjald, nr. 74/2012.

Eins og alþingismönnum ætti að vera fullkunnugt um efndi Alþingi til þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2012. Þar lýstu 4/5 hlutar kjósenda stuðningi við auðlindaákvæði í stjórnarskrá. Einnig var afgerandi stuðningur við tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá þar sem segir m.a. í grein um náttúruauðlindir:

”Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.”

Tilgangur þess að kveða skýrt á um eignarhald þjóðarinnar á náttúruauðlindum í stjórnarskrá og hvernig farið skuli með arð af hagnýtingu þeirra er sá að ekki sé hægt með einfaldri lagabreytingu að svipta þjóðina réttmætri eign sinni eða gefa afslátt af þeirri rentu sem henni ber. Sú breyting á lögum um veiðigjald sem hér er til umsagnar er ágætt dæmi um það hvernig hægt er að spila með svo mikilvægt mál í trássi við vilja þjóðarinnar og án mikillar umræðu. Það kann vel að vera að rekstrarafkoma einstakra útgerðarfyrirtækja sé ekki eins góð í ár og hún hefur verið á undanförunum árum en stjórnendum fyrirtækjanna hlýtur að hafa verið ljóst hversu há veiðigjöld ætti að standa skil á og hefðu því átt að halda eftir fé til þess frekar en að greiða út of rausnarlegan arð. Það er engan veginn ásættanlegt að nú sé hlaupið upp til handa og fóta með þessum hætti á meðan nýja stjórnarskráin og vilji þjóðarinnar liggur óbættur hjá garði.

Stjórnarskrárfélagið hvetur Alþingi enn og aftur til að virða afgerandi niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar 2012 og þann skýra vilja kjósenda sem talning atkvæða sýndi.

F. h. Stjórnarskrárfélagsins,

Katrín Oddsdóttir, formaður.